

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1159
komudagur 22.2.2007



FÉLAG ÍSLENSKRA
FRAMHALDSSKÓLA

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK


Reykjavík 21. febrúar 2007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um námsgögn, 511. mál, heildarlög.

Félag íslenskra framhaldsskóla vill gera eftirfarandi athugasemdir og ábendingar varðandi frumvarp til laga um námsgögn.

- a) Misræmi er í tillögum um hverjir tilnefna í þróunarsjóð námsgagna skv. 7. gr. Þar tilnefnir Kennarasambandið tvo, Samtök sveitafélaga einn en einn er án tilnefningar úr hópi skólameistara. Félag íslenskra framhaldsskóla leggur áherslu á að félagið verði tilnefningaraðili fyrir hönd skólameistara.
- b) Framboð námsgagna í framhaldsskólum er æði misjafnt. All sæmilegt ástand er í þeim greinum þar sem nemendafjöldi er nægjanlegur til að það borgi sig að gefa út námsefni. Í smærri greinum, einkum tengdum iðn- og starfsmenntun er ástandið öllu verra. Eðli málsins samkvæmt eru ekki margar útgáfur sem hafa áhuga á að gefa út námsefni þar sem sala á ári er 50 – 150 bækur. Það gefur auga leið að ekki er hægt að gefa út bækur í þeim greinum nema styrkur komi til frá sjóðum eins og þróunarsjóði námsgagna. Iðnú bókaútgáfa hefur um margra árabíl annast útgáfu fyrir iðn- og starfsmenntun en forsenda þess hafa verið styrkir úr námsefnissjóði
Ekki er hægt að lesa það út úr 7. gr. frumvarpsins að sérstaklega verði gætt að því að útgáfa í smærri greinum svo sem í iðn og tækni verði möguleg.
FÍF óttast að með tilkomu þróunarsjóðs námsgagna, sem er sameiginlegur fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólastigið verði hlutur smærri greina afskiptur og að hlutur iðn- og starfsmenntunar verði þar rýr.
FÍF leggur því til að sérstök grein verði um eflingu útgáfu námsgagna fyrir allar smærri greinar í framhaldsskólum og þá sérstaklega í iðn- og starfsmenntun.
- c) Félag íslenskra framhaldsskóla fagnar auknu sjálfstæði og vali skóla og kennara um námsgögn.

F.h. FÍF
Virðingarfyllst.


Baldur Gíslason formaður FÍF